

Sítrus-sjal frá Hillary Smith Callis

Stærð

Lengd efri brúnar: 86 cm

Sídd fyrir miðju: 36 cm

Efni

Einband – 50 gr dokkur

Litur nr. 1764 2 dokkur

Hringprjónn nr 3 ½ eða 4 eða sú stærð sem þarf til að ná æskilegri prjónfestu.

Prjónfesta

24 L og 36 umf = 10 x 10 cm. Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

Aðferð

Sjalið er í laginu eins og hálfhringur. Byrjað er á miðju efri brúnar og því mjög auðvelt að minnka það eða stækka. Einnig er hægt að leika sér með prjónastærð, allt eftir því hvaða áferð og stærð maður vill fá. Sjalið er prjónað með sléttu prjóni (slétt frá réttu, brugðið frá röngu) nema 3 fyrstu og 3 síðustu lykkjurnar sem eru prjónaðar með garðapryjóni (slétt frá réttu og röngu).

Prjónamerki: Notuð eru prjónamerki til að aðgreina hvar byrja á útaukningu.

Skammst.:

SM = setjið merki

FM = færið merki frá hægri yfir á vinstri prjón

auk1 = aukið út um 1 L með því að taka upp bandið á milli L og prjóna það snúið.

prj fr/aft = Prjónið framan og aftan í lykkjuna (útaukning)

þannig: Prj sl í næstu L (venjulega) en haldið lykkjunni áfram á vinstri prj, prj síðan sl í **aftari hluta** hennar og sleppið henni fram af.



SJAL

Miðjan: Fitjið upp 3 L og prj 6 umf sl (= 3 garðar).

Í lok 6. umf, snúið ekki við heldur takið upp 3 L á hliðinni, 1 L í hvern garð (snúið stykkinu 90° réttisælis). Snúið stykkinu aftur 90° réttisælis og takið upp 3 L í uppfitjuninni, 1 L í hverja uppfitjaða lykkju => 9 L. Snúið við.

1. umf (frá röngu): Prj 3 L sl, SM, 3 L br, SM, 3 L sl.

2. umf: Prj 3 L sl, FM, *auk1, 1 L sl* þrisvar sinnum, auk1, FM, 3 L sl => 13 L.

3. – 5. umf: Prj eins og fyrr án útaukningar, þ.e. fyrstu og síðustu L í garðapryjóni og L á milli merkjanna í sléttu prjóni (sl frá réttu, br frá röngu).

6. *umf (frá réttu)*: Prj 3 L sl, FM, „auk1, 1 L sl“ sjö sinnum, auk1, FM, 3 L sl => 21 L.

7. – 11 *umf*: Prj eins og fyrr án útaukningar.

12. *umf (frá réttu)*: Prj 5 L sl, *auk1, 1 L sl* tólf sinnum, 4 L sl => 33 L.

Prj 1 *umf* eins og fyrr.

Aðalhluti sjalsins: Þegar talað er um að prjóna munstur er átt við að prj slétt prj (sl frá réttu, br frá röngu) yfir allar L nema 3 fyrstu og 3 síðustu sem eru í garðaprjóni. Í hverjum hluta uppskriftarinnar sem fylgir hér á eftir eru það *umf*. 1-7 sem mynda rykta bandið. Útaukningar eru prj í *umf*. 9 og 19 en útaukningarnar móta sjalið í hálfhring.

1. HLUTI:

1. *umf (frá réttu)*: Prj 3 L sl, *prj fr/aft í hverja L að næsta merki, prj 3 L sl => 60 L.

2. – 6. *umf*: Prj munstur.

7. *umf (frá réttu)*: Prj 3 L sl, *2 L sl saman* að næsta merki, prj 3 L sl => 33 L.

8. *umf*: Prj munstur.

9. *umf*: Prj 3 L sl, FM, auk1, *2 L sl, auk1* 2 sinnum, *1 L sl, auk1* 19 sinnum, *2 L sl, auk1* 2 sinnum, FM, 3 L sl => 57 L.

10. – 18. *umf*: Prj munstur.

19. *umf (frá réttu)*: Prj 3 L sl, FM, auk1, *3 L sl, auk1* 2 sinnum, *2 L sl, auk1* 18 sinnum, *3 L sl, auk1* 3 sinnum, FM, 3 L sl => 81 L.

20. *umf*: Prj munstur.

Í hverjum hluta héðan í frá: Prj *umf* 1-20 eins og í fyrsta hlutanum NEMA útaukningar *umf*. (*umf* 9 og 19) eru öðruvísi. Fjöldi lykkja í *umf* 1 og 7 eru gefnar upp auk leiðbeiningar fyrir *umf*. 9 og 19.

2. HLUTI:

1. *umf*: => 156 L.

7. *umf*: => 81 L.

9. *umf (frá réttu)*: Prj 3 L sl, FM, auk1, *4 L sl, auk1* 3 sinnum, *3 L sl, auk1* 17 sinnum, *4 L sl, auk1* 3 sinnum, FM, 3 L sl => 105 L.

19. *umf (frá réttu)*: Prj 3 L sl, FM, auk1 *5 L sl, auk1* 3 sinnum, *4 L sl, auk1* 16 sinnum, *5 L sl, auk1* 4 sinnum, FM, 3 L sl => 129 L.

3. HLUTI:

1. *umf*: => 252 L.

7. *umf*: => 129 L.

9. *umf (frá réttu)*: Prj 3 L sl, FM, auk1, *6 L sl, auk1* 4 sinnum, *5 L sl, auk1* 15 sinnum, *6 L sl, auk1* 4 sinnum, FM, 3 L sl => 153 L.

19. *umf (frá réttu)*: Prj 3 L sl, FM, auk1 *7 L sl, auk1* 4 sinnum, *6 L sl, auk1* 14 sinnum, *7 L sl, auk1* 5 sinnum, FM, 3 L sl => 177 L.

4. HLUTI:

1. *umf*: => 348 L.

7. *umf*: => 177 L.

9. *umf (frá réttu)*: Prj 3 L sl, FM, auk1, *8 L sl, auk1* 5 sinnum, *7 L sl, auk1* 13 sinnum, *8 L sl, auk1* 5 sinnum, FM, 3 L sl => 201 L.

19. *umf (frá réttu)*: Prj 3 L sl, FM, auk1 *9 L sl, auk1* 5 sinnum, *8 L sl, auk1* 12 sinnum, *9 L sl, auk1* 6 sinnum, FM, 3 L sl => 225 L.

5. HLUTI:

1. umf: => 444 L.

7. umf: => 225 L.

9. umf (frá réttu): Prj 3 L sl, FM, auk1, *10 L sl, auk1* 6 sinnum, *9 L sl, auk1* 11 sinnum, *10 L sl, auk1* 6 sinnum, FM, 3 L sl => 249 L.

19. umf (frá réttu): Prj 3 L sl, FM, auk1 *11 L sl, auk1* 6 sinnum, *10 L sl, auk1* 10 sinnum, *11 L sl, auk1* 7 sinnum, FM, 3 L sl => 273 L.

Til að breyta stærð sjalsins eru prjónaðir færri eða fleiri hlutar. Ef prjóna á fleiri hluta, verið viss um að auka út 24 L jafnt yfir útaukningar umf.

Að lokinni 20. umf í síðasta hlutanum er prjónaður pífukantur.

PÍFUKANTUR

Næsta umf (frá réttu): Prj 3 L sl, prj fr/aft í hverja lykkju að næsta merki, prj 3 L sl => 540 L. Prj munstur, alls 11 umf. Fellið laust af.

FRÁGANGUR

Gangið frá endum og þvoið sjalið. Leggið til þerris og strekkið í rétt mál. Passið að láta efri brún þess vera beina þegar það þornar.



Hönnun: Hillary Smith Callis frá San Fransisco. Sjá <http://theyarniad.blogspot.com/>

Þýðing: Hulda Hákonardóttir með sérstöku leyfi frá höfundi.

